| | |
|---|---|
| **Búið til – útg.** | Ágúst 2020 – 2. útg |
| **Námsgrein** | Lokaverkefni / lífsleikni |
| **Titill** | Lokaverkefni |
| **Skammstöfun** | LOVE2LK02 |
| **Viðfangsefni** | Lífsleikni útskriftarhópur |
| **Staða áfanga** | |
| **Þrep áfanga** | 2 |
| **Einingafjöldi áfanga** | 2 |
| **Lýsing áfanga** | Umfjöllunarefni áfangans miðar að því að undirbúa nemendur fyrir virka þátttöku í samfélaginu. Nemendur eru fræddir um ýmis mikilvæg málefni samtímans eins og jafnrétti, umhverfismál, alþjóðasamfélagið og mannréttindi. Námsleiðir að loknu stúdentsprófi eru kynntar og nemendur fá fræðslu um réttindi og skyldur á vinnumarkaðinum, fjármál og borgararéttindi. Fjallað verður um breytt samfélag og sjálfsmynd einstaklinga í kjölfar upplýsingatæknibyltingar og samfélagsmiðla. Auk þess verða lífstílsbreytingar í kjölfar alheimsfaraldurs skoðaðar og áhrif þeirra á menningu okkar. |
| **Forkröfur áfanga** | Áfangi tekinn á útskriftarönn |
| **Þekkingarviðmið** | Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:<br>• Íslensku samfélagi, réttindum og skyldum bæði í námi og starfi.<br>• Jafnrétti, umhverfismálum, alþjóðasamfélaginu, borgaravitund og mannréttindum.<br>• Samfélagslegum breytingum og áhrifum þeirra á einstaklinginn. |
| **Leikniviðmið** | Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:<br>• Tjá sig og taka þátt í umræðum.<br>• Rökræða og vera gagnrýninn á upplýsingar í umhverfi sínu. |
| **Hæfniviðmið** | Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:<br>• Taka virkan og ábyrgan þátt í lýðræðislegu samfélagi.<br>• Temja sér víðsýni og jákvætt hugarfar gagnvart sjálfum sér og öðrum. |

| | |
|---|---|
| | • Átta sig á að honum eru allir vegir færir. |
| **Námsmat** | |